

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, miðvikudaginn 8. apríl kl. 13:00 var haldinn 289. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir og Eyþór Laxdal Arndals, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### **Petta gerðist:**

1. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála lagði fram svohljóðandi tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun vegna aukinna fjárfestinga.

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að auka fjárfestingar hjá OR samstæðu um 2 ma.kr fyrir árið 2020 og að stefnt sé að því að auka fjárfestingar hjá OR samstæðu um allt að 4 ma.kr. á árinu 2021, sem kemur aftur til afgreiðslu við gerð fjárhagsspár í haust. Í tillögunni felst breyting á samþykkti fjárhagsáætlun ársins 2020, sem samþykkt var í stjórn á SF280 þann 30. september 2019. Samtals áætlaðar fjárfestingar fyrir árið 2020 verða því 19,7 ma.kr. og árið 2021 22,7 ma.kr.*

Tillagan samþykkt samhljóða

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga til aðalfundar um arðgreiðslu. Tillögunni fylgir greinargerð:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 3.000 milljónir króna eða tæplega 1,6% af eigin fé í árslok 2019.*

*Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2020-2025.*

*Samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Eyþór Laxdal Arndals og Hildur Björnsdóttir sitja hjá.*

3. Lagðar fram svohljóðandi tillögur um auknar fjármögnunarheimildir og útgáfuramma skuldabréfa:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) veitir forstjóra eða framkvæmdastjóra fjármála aukna heimild til fjármögnunar í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir allt að 17 milljarða króna á árinu 2020 vegna covid-19 þar sem um 10 ma.kr. eru hugsaðir til endurfjármögnunar eigendalána. Samtals fjármögnunar heimild fyrir árið 2020 yrði þá alls 30 milljarðar en í spá er gert ráð fyrir fjármögnun alls 28 ma.kr.*

*Framangreindar heimildir ná einnig til undirritunar allra skjala sem heimildir ná yfir.*

Tillagan samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir sitja hjá.

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir heimild til hækkunar á útgáfuramma skuldabréfa og víxla Orkuveitu Reykjavíkur að fjárhæð kr. 30.000.000.000. Heildarstærð útgáfuramma, útistandandi á hverjum tíma nemur eftir hækkunina kr. 80.000.000.000. Í samþykktinni felst einnig heimild til forstjóra og/eða framkvæmdastjóra Fjármála til undirritunar allra skjala sem heimildin nær yfir.*

Tillagan samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir sitja hjá.

#### 4. Önnur mál.

- Formaður starfskjaranefndar leggur fram svohljóðandi tillögu. Tillögunni fylgir greinargerð:

*Starfskjaranefnd leggur til að fyrri ákvörðun stjórnar dags. 12. mars 2020 um þóknun stjórnar til framlagningar á aðalfundi verði afturkölluð og að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggi það til við aðalfund að stjórnarlaun verði óbreytt.*

Samþykkt samhljóða.

- [Bókun tekin út vegna trúnaðar)
- Forstjóri upplýsti um erindi SKE, dags. 8. apríl 2020, varðandi skoðun á orkumarkaði á Íslandi.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 13:50.**

**Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 27. apríl 2020.**

Brynhildur Davíðsdóttir,  
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,  
Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir,  
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.